

**17. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-,
æskulýðsnefndFræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn
Strandgötu 38, 4. september 2017
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), formaður, Kristrún Guðjónsdóttir (KG), aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), aðalmaður, Jenný Lára Magnadóttir (JLM), áheyrnafulltrúi, Helga Birna Berthelsen (HBB), áheyrnafulltrúi og Steinunn M. Guðmundsdóttur, embættismaður.

Fundargerð ritaði: Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir, Formaður

Formaður bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega nýjan skólastjóra, Steinunni M. Guðmundsdóttur.

Dagskrá:

- 1. Lýðheilsugöngur: Ferðafélags Íslands í september - 1707002**
Nefndin leggur til að málinu verði vísað til UMFT og óskar eftir því að viðeigandi fulltrúar verði fundnir til að fylgja verkefninu eftir.
- 2. Lokaverkefni: Í Menningarstjórnun - 1706001**
Til kynningar.
- 3. Jöfnunarframlög: almenn framlög til reksturs grunnskóla - 1708020**
Skólastjóri hefur fyllt út eyðublað, sveitarstjóri á eftir að skrifa undir og senda umsókn.
- 4. Fyrirkomulag sérfræðiþjónustu vegna skólaársins 2017-2018. - 1708027**
Fyrirkomulag verður með sama hætti og áður. Sömu sérfræðingar sinna sérfræðiþjónustunni. Sálfræðiþjónusta er í boði einu sinni á önn en er í boði oftast ef á því þarf. Allt kemru þetta fram í starfsáætlun sem mun verða tilbúin fljótlega.
- 5. Grunnskóli:Móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en Íslensku - 1708028**
Móttökuáætlun kemur fram í starfssáætlun skólans.
- 6. Grunnskóli: Foreldrafélag grunnskóla Tálknafjarðar. 2017 -2018. - 1708029**
Haldinn verður aðalfundur í september sem þarf að boða fljótlega en 2 af 4 í stjórn eru fluttir frá Tálknafirði en í stjórn eru 3 og 1 til vara. Nú eru í stjórn Jenný Lára og Berglind Eva.

17. fundur
17. janúar 2018

7. Grunnskóli: Fulltrúi kennara í skólanefnd. - 1708030

Valinn verður fulltrúi kennarar í skólanefnd á næstu dögum þegar haldinn verður starfsmannafundur.

8. Grunnskóli: Skólanámsskrá 2017-2018. - 1708031

Skólanámsskrá er í vinnslu, erfitt hefur verið að vinna með vefinn en námskráin ætti að vera tilbúin næstu helgi.

9. Grunnskóli: Starfsáætlun grunnskóla Tálknafjarðar 2017-2018. - 1708032

Er í vinnslu en skólastjóri mun senda hana á nefndarmenn á morgun.

10. Grunnskóli: Nemendafélag Tálknafjarðarskóla. - 1708033

Öll börn skólans eru í nemendafélaginu. Haldnir eru lýðræðisfundir en niðurstaða þeirra fer fyrir kennarafundi. Nemendafélag á "gamla mátan? hefði ekkert hlutverk. Félagsmiðstöð og foreldrafélagið gegna þeim verkefnum sem nemendafélög gerðu áður.

11. Leikskóli: Mat á árangri í leikskóla sbr. 18-19.gr. laga nr.90/2009. - 1708034

Innra og ytra mat er frmakvæmt samkvæmt skólanámsskrá. Heilbrigðiseftirlit sendir umsagnir til hreppsnefndar.

12. Leikskóli: Skólanámsskrá og starfsáætlun leikskóla vegna ársins 2017-2018. - 1708035

Verður til á morgun og þá send á nefndarmenn

13. Grunnskóli: Skóladagatal grunnskóla. - 1708037

Allt hefur gengið vel á þeim stutta tíma sem skólastjóri hefur starfað. Hún er að setja sig inn í málin og allir hafa verið mjög hjálpsamir en hún hlakkar til að starfa í skólanum. Börnum hefur fækkað úr um 40 í 33 en aukist hefur í leikskóla um eitt barn. Starffólk er 18 talsins og segir skólastjóri skólann vera mjög vel sett með kennara. Helstu breytingar eru fjöldi starfsmanna og barna. Ytra mat frá menntamálastofnun verður í byrjun nóvember. Því fylgir nokkur pappírs vinna.

14. Upplýsingagjöf; Skólastjóra. - 1703003

Gólfdukur kemur til landsins 11. september og ætti að vera komin til Tálknafjarðar í kring um 26. september.

15. Íþróttahús: Gólfdukur endurnýjun - 1707022

Nefndin telur að skoða þurfi málið nánar ásamt fleiri tilboðum.

16. Tilboð: vegna rennibrautar - 1707020

Samkvæmt upplýsingum frá Loga ehf. ráðgera þeir að byrja á verkinu innan mánaðar. Það er að laga útsog á í eldhúsi og setja upp háf.

17. Íþróttamiðstöð - Reglubundin skoðun 18.09.2014 - 1410055

Samkvæmt upplýsingum frá Loga ehf. ráðgera þeir að byrja á verkinu innan mánaðar. Það er að laga útsog á í eldhúsi og setja upp háf.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.20.

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Kristrún Guðjónsdóttir (KG)

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Helga Birna Berthelsen
(HBB)

Steinunn M. Guðmundsdóttur
